

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
*Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is*

Reykjavík, 12. desember 2022

**Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálafyrirtæki (sértryggð skuldabréf), 433. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviðið Alþings, þann 28. nóvember s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.

Við yfirferð þykir rétt að koma eftirfarandi athugasemduum á framfæri við tiltekin atriði frumvarpsins.

**Athugasemd við 4. gr.**

Í 4. gr. frumvarpsins er nýtt heimild 8. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2162, um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum, til að heimila lánastofnunum að hafa í tryggingasafni sínu sértryggð skuldabréf sem önnur lánastofnun, innan sömu samstæðu, hefur gefið út.

Mögulega eru ekki rök að svo stöddu fyrir að nýta framangreinda heimild tilskipunarinnar og þyrti að kanna betur hvaða áhrif slík heimild getur haft sé hún nýtt. Líklegt er að greiðsluerfiðleikar einnar lánastofnunar í samstæðu muni leiða til greiðsluerfiðleika annarra lánastofnana innan sömu samstæðu, ekki síst hér á landi. Getur því heimild af þessu tagi í reynd leitt til sambærilegrar stöðu og að lánastofnun hefði sértryggð skuldabréf, útgefin af sjálfri sér, í tryggingasafninu.

EKKI er að sjá að hér á landi séu lánastofnanir innan sömu samstæðu sem gefa út sértryggð skuldabréf og ólíklegt að svo verði í náinni framtíð. Því má vera ljóst að engar aðkallandi aðstæður eru að baki nýtingu heimildarinnar. Komi upp slíkar aðstæður í framtíðinni væri unnt að taka til skoðunar út frá betur þekktum forsendum á þeim tíma hvort rétt væri að nýta heimild 8. gr. tilskipunarinnar eða ekki.

**Athugasemd við 10. gr.**

Lagt er til að a. liður 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins orðist svo: "til að koma í veg fyrir vanefnd á sértryggðu skuldabréfi eða afleiðusamningi án þess að til sölu eigna úr tryggingasafni með verulegum afföllum komi,"

Við teljum viðbótina endurspeglar betur tilgang ákvæðisins sbr. eftirfarandi texta úr greinargerð með frumvarpinu:


„Heimildin tekur mið af því að líftími eigna í tryggingasöfnum er alla jafna lengri en líftími sértryggðra skuldabréfa. Því gæti útgefanda skort laust fé til að standa í skilum á gjalddaga sértryggðs skuldabréfs þótt andvirði eigna í tryggingasafni sé meira en andvirði sértryggðra skuldabréfa sem safnið tryggir. Við slíkar aðstæður gæti það verið í þágu eigenda sértryggðra skuldabréfa að gjalddaga væri frestað frekar en að útgefandi þyrfti að selja eignir með verulegum afföllum til að standa í skilum, enda gæti sala eigna með verulegum afföllum leitt af sér frekari greiðsluvanda útgefanda síðar meir.“

Þá er lagt til að nýjum d. liði 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins verði bætt við sem hljóði svo: „frestun vari ekki lengur en nauðsynlegt er.“

Með hliðsjón af því að um verulega íþyngjandi inngríp í rétt skuldabréfaeigenda til greiðslu á gjalddaga er talið nauðsynlegt að skýrt sé tekið fram í löggjöfinni að frestun skuli ekki vara lengur en nauðsynlegt er.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri